

4. fundur Öldungaráðs Norðurþings.

Árið 2024 þriðjudaginn 29 okt. klukkan 14:00 kom Öldungaráð Norðurþings saman til fundar í fundarsal þriðju hæðar í Garðarsbraut 5

Allir fundarmenn mættir nema Helgi Ólafsson sem boðaði ekki forföll.

Mættir: Frímenn Sveinsson, Edda Björg Sverrisdóttir, Jón Ragnar Grímsson, Smári Kárason, Lilja Skarphéðinsdóttir, Ingvar Vagnsson, Fanney Hreinsdóttir og Lilja Skarphéðinsdóttir sem vék af fundi 14:55.

Frímenn formaður ráðsins setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið til fundar.

1. Tillaga að frístundastyrk Norðurþings sem lagt var fyrir fjölskylduráð þar sem óskað er eftir umfjöllum öldungaráðs um málið.

Svohljóðandi tillaga samþykkt af aðilum öldungaráðs:

Húsavík 30 okt 2024

Á fundi sínum 29 okt 2024 tók Öldungaráð Norðurþings tillögu um frístundastyrk eldri borgara í Norðurþingi til umfjöllunar í framhaldi af ósk Fjölskylduráðs Norðurþings.

Öldungaráð lýsir yfir ánægju sinni með tillögunum og mælist til þess að frístundastyrkurinn verði 22,500 á ári og taki sömu hækkun og frístundastyrkur barna og unglunga í Norðurþingi.

Með þessu móti nýtist frístundastyrkurinn öllum íbúum sveitarfélagsins 67 ára og eldri við skipulagt íþróttstarf í Norðurþingi en **ekki** aðeins þeim sem taka þátt í hreyfiverkefni Bjartur lífstíll.

Öldungaráð mælir með að fyrirkomulagið verði endurskoðað með það að markmiði að gefa öllum 67 ára og eldri kost á að vinna að bættri heilsu og auknum lífsgæðum.

Rannsóknir sýna að þeir sem stunda reglubundna hreyfingu viðhalda betri færni til að lifa sjálfstæðu lífi.

Einnig rætt um að frístundastyrkurinn mundi einnig nýtast til greiðslu árskorta innan sveitarfélagsins td. Sundlaug Húsavíkur og í Sjóböðin

Lagt er upp með að fyrirkomulagið væri með þeim hætti að greiðslukvittunum væri skilað til umsjónarmanns félagsstarfs eldri borgara og upphæð greidd inn á viðskiptareikning umsækjanda.

Lilja Skarpéðinsdóttir gerir athugasemd við þessa bókun og telur 3 lið í tillögu þessari megi falla út.

2. Ályktun frá stjórn FEBH – til kynningar

Ályktun frá stjórn FEBH – til kynningar

Ályktun stjórnar FEBHN – Gjaldskrárhækkunar hjá Norðurþingi 2024 ! Stjórn Félags eldri borgara á Húsavík og nágrenni ályktaði eftirfarandi á fundi sínum í dag, mánudaginn 8. janúar 2024. „Stjórnin harmar og leyfir sér að mótmæla óeðlilegum gjaldskrárhækkunum á ýmsum gjöldum er varða þjónustu við eldra fólk í Norðurþingi og skorar á sveitarstjórn að draga þær til baka“ Skýring: Í umræðu á opinberum vettvangi (m.a. í sveitarstjórn) hjá sveitarstjóra og kjörnum fulltrúum kom fram að vegna væntanlegra kjarasamninga, baráttu við verðbólgu, hátt vaxtastig og til að koma á móts við barnafjölskyldur og þá sem hefðu lægstu tekjur, hefði allar hækkunar á þjónustu/gjaldskrár verið stillt í hof og væru að hámarki 7,5% í Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2024. Okkur er umhugað að halda uppi ásýnd Norðurþings sem hefur frá því árið 2018 talið sig vera „Heilsueflandi samfélag“ Undanfarin ár hefur FEBHN unnið ótullega að því að auka lífsgæði eldra fólks í sveitarfélaginu m.a. með því að koma á hreyfiverkefninu (Bjartur lífstíll) fyrir aldraða. Með það að markmiði að auka lífsgæði þessa fólks, en rannsóknir hafa sýnt að slíkt gæti seinkað verulega innlagningum á hjúkrunarheimili. Því kom það okkur í stjórn FEBHN verulega á óvart þegar ýmsar gjaldskrár fyrir þjónustu við eldra fólk voru auglýstar á heimasíðu sveitarfélagsins nú um áramótin, höfðu sumar hverjar tekið mikið meiri hækkunum en kynnt hafði verið (t.d. gjaldskrár sundlaugar, heima þjónustu, matarþjónustu, ferlibíll ofl) Dæmi: Gjaldskrá Sundlaug Húsavíkur: Verðskrá fyrir eldra fólk – 67 ára og eldri: 2023 2024 hækkun Einstakir miðar fyrir eldra fólk Afsláttarkort fyrir eldra fólk – 10 skipti Árskort fyrir eldra fólk Maka árskort fyrir eldra fólk 450,- 2.500,- 18.211,- 9.406,- 720,- 3.850,- 24.850,- 16.150,- ca +60 % ca +54 % ca +37 % ca +72 % Óskum eftir við háttvirt sveitarstjórnarfólk að það endurskoði þessar hækkunar á þjónustugjöldum við eldra fólk. Þá er það ósk okkar að þessi ályktun okkar verði kynnt í “Öldungaráði og Fjölskylduráði Norðurþings“ Virðingarfyllt, með góðri kveðju. stjórn FEBHN Lilja Skarphéðinsdóttir, formaður Egill Olgeirsson, varaformaður Fanney Óskarsdóttir, gjaldkeri Erlingur Arason, meðstjórnandi Steingrímur Hallgrímsson, varam Stefán Skaftason, varam Laufey Jónsdóttir, ritari.

Öldungaráð tekur undir það að gjaldskrárhækkunar í málefnum eldri borgara séu óeðlilega miklar. Þess var farið á leit við sveitarfélög að hækkunum gjaldskrá yrði haldið í lágmarki og metur ráðið að því hefi ekki verið sinnt með þeim hækkunum sem boðarar hafa verið.

3. Til kynningar. Félagsstarf í Norðurþingi opið öllum íbúum sveitarfélagsins 60+.

Kynnt var að félagsstarf 60+ í Norðurþingi sem fram fer í Hlyn er opið öllum íbúum 60+ í Norðurþingi. Borið hefur á þeim misskilningi að félagsstarfið sé aðeins opið þeim félögum sem eru í Félagi eldri borgara.

Öldungaráð vill ítreka að svo er ekki og að allir íbúar 60+ í Norðurþingi eru hjartanlega velkomnir í félagsstarfið.

4. Málþing um störf öldungaráða á landsvísu

Fanney Hreinsdóttir sem sat málþingið að beiðni formanns öldungaráðs Norðurþings.

Sagði hún frá helstu áherslum sem fram konu og að einnig er áhugavert að í þeim sveitarfélögum þar sem aðili úr sveitarstjórn á sæti í ráðinu sýnir sig að ráðin og starfsemi þeirra skila sér best og eru markvissust.

Fram fóru góðar umræður og gildi og markmið Öldungaráða. Einnig að í ráði Norðurþings eiga sæti aðilar úr öðrum sveitarfélögum sem sem hlut eiga að samstarfssamningi um þjónustu við Norðurþing.

Einnig kom fram að ráðið hefur ekki ákvörðunarvald heldur er til skrafs, ráðagerða og umsagnar þar sem fjallað er um málefni eldra fólks.

5. Katrín Sigurjónsdóttir segir okkur frá stöðu byggingar hjúkrunarheimilis.

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri Norðurþings mætti til fundar og tjáði ráðinu hver staðan er á byggingu nýs hjúkrunarheimili í Norðurþingi. Fram kom að verið er að vinna með ráðuneyti með það að markmiði að hefja megi byggingu á hjúkrunarheimilinu sem fyrst.

6. Önnur mál.

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fundi slitið 15:20

Fundargerð rituð af Ingvari Vagnssyni